

AUGLÝSING**um gildistöku samnings um bann við sýkla- og eiturvopnum.**

Hinn 26. mars 1975 tók gildi samningur um bann við þróun, framleiðslu og geymslu sýkla- og eiturvopna og um eyðingu þeirra, sem gerður var í London, Moskva og Washington hinn 10. apríl 1972.

Ísland er aðili samnings þessa sbr. auglýsingar í Stjórnartíðindum C-deild nr. 8/1972 og 5/1973 — og var samningurinn birtur með hinni fyrrnefndu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 7. maí 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

15. maí 1975.

Nr. 9.

AUGLÝSING**um uppsögn samkomulags við Noreg um heimild til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.**

Hinn 7. maí 1975 var sendiherra Noregs í Reykjavík tilkynnt uppsögn samkomulags, sem gert var milli Íslands og Noregs hinn 10. júlí 1973, um heimild fyrir norsk skip til fiskveiða innan 50 mílna fiskveiðimarkanna við Ísland, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 11/1973.

Uppsögnin skal gilda frá 13. nóvember n.k. að telja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. maí 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

21. maí 1975.

Nr. 10.

AUGLÝSING**um aðild að Norðurlandasamningnum um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar, og um breyting á samningi um félagslegt öryggi frá 15. september 1955.**

Hinn 7. maí 1975 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt að gerðar hefðu verið af Íslands hálfu þær stjórnskipulegu ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru vegna gildistöku samninga milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem gerðir voru í Kaupmannahöfn hinn 6. febrúar 1975, annars vegar um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar, ásamt bókun, og hins vegar um breyting á samningi milli nefndra ríkja frá 15. september 1955 um félagslegt öryggi.

Samningarnir taka gildi hinn 9. júní 1975 og eru birtir sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. maí 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.